

# Professional Snickereri 80

Innilakk 80%



## Efnislýsing

Professional Snickereri 80 er vatnsþynnanlegt akrýllakk til innanhússnotkunar. Lakkið hefur fallega háglansandi áferð og er ætlað til málnunar á eldhússkápum, hurðum, körmum, sökklum, listum o.fl. Það hentar einnig vel á ryðvarðar plötur og málm innanhúss. Professional Snickereri 80 hefur gott flot, þekur vel og myndar slitsterka og þvottheldna málningarfilmu sem gulnar ekki með tímanum.

## Meðhöndlun

### Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti tvær umferðir með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartlið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartlið t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið loks tvær umferðir af Professional Snickereri 80. Berið ríkulega á til að auka útflotið.

### Endurmálun

1. Fjarlægjið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Málartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Multiprimer.
4. Spartlið flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Professional Snickereri 80. Berið ríkulega á til að auka útflotið.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Professional Snickereri 80 er borin á.

## Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Tegund:** Akryl

**Gljástig:** Háglans 80%

**Þurrktími við 23°C/50% raka:** Gegnumþurrt eftir 2 klst, yfirmálun eftir 12 klst

**Loft-/yfirborðshiti við málun:** Minnst +5°C

**Rakastig:** 40-80% (kjörakastig 65%)

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur

**Þekja:** 8 m<sup>2</sup>/l

**Umbúðir:** 1 og 2,5 lítra dósir

**Stofnar:** BW og BC

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni (VOC fl. A/a 130 g/l):** Inniheldur mest 90 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

### Umhverfissvottanir

Professional Snickereri 80 uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á [www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)



**SÉREFNI**

Dalvegi 32b Kópavogi | sími 517 0404 | [serefni.is](http://serefni.is)